

**SAMÞYKKT**  
**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp**  
**Hrunamannahrepps nr. 607/2000**

1. gr.

7. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.00 mánuðina júní til ágúst en kl. 14.00 mánuðina september til maí.

2. gr.

Við 3. mgr. 32. gr. samþykktarinnar bætist nýr málslíður sem hljóðar svo:  
Að því loknu er fundargerðinni dreift.

3. gr.

51. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

1. *Jafnréttisnefnd*. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
2. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
3. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
4. *Fræðslunefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
5. *Veitustjórn*. Fimm aðalmenn og þrír til vara. Veitustjórn fer með stjórn vatnsveitu sveitarfélagsins og stjórn hitaveitu Flúða og nágrennis í umboði hreppsnefndar.
6. *Umhverfis- og samgöngunefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til hreppsnefndar um umhverfismál og samgöngumál.
7. *Ferða-, menningar- og æskulýðsnefnd*. Fimm aðalmenn og þrír til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til hreppsnefndar um ferðamál, menningarmál og æskulýðs- og íþróttamál í Hrunamannahreppi.
8. *Landbúnaðarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með stjórn fjallskilamála í fjallskiladeild Hrunamannahrepps í umboði hreppsnefndar, sbr. ákvæði laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og fjallskilareglugerð og önnur landbúnaðarmál.
9. *Almannavarnarnefnd Hrunamanna og Gnúpverja*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. ákvæðum 2. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
10. *Héraðsnefnd Árnesinga*. Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt stofnsamningi sveitarfélaga í Árnessýslu um héraðsnefnd Árnesinga dags. 15. desember 1989.
11. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 4. gr. laga sambandsins.

Nr. 678

20. júlí 2006

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 20. júlí 2006.*

F. h. r.

**Sesselja Árnadóttir.**

---

*Stefanía Traustadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 8. ágúst 2006